

# Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2023



Setningarræða Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar

Verið öll velkomin á Rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar sem nú er haldin í tuttugusta og annað sinn.

Rannsóknaráðstefnan er einn af föstu liðum haustsins, ekki aðeins hjá okkur í Vegagerðinni, heldur líka hinum ýmsu sérfræðingum, vísindafólki, háskólanemum og verkfræðingum í öðrum stofnunum, háskólum og fyrirtækjum.

Það er einstaklega ánægjulegt að sjá svo marga samankomna hér á Hilton hóteli í dag. Skráning á ráðstefnuna er með besta móti í ár og ég veit að margir eru langt að komnir til að njóta dagsins hér með okkur, en vel yfir 250 skráðu sig og ætla að mæta og hlusta hér í dag.

Rannsóknaráðstefnan endurspeglar svo sannarlega hið fjölbreytta starf sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar vinnur en sjóðurinn sinnir mikilvægum þætti í starfsemi stofnunarinnar. Markmið sjóðsins er að hafa frumkvæði að rannsókna- og þróunarstarfi, sem stuðlar að því að Vegagerðin geti uppfyllt sett markmið á hverjum tíma. Að afla nýrrar þekkingar á sviði vega- og samgöngumála og að stuðla að því að niðurstöður varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skili sér í stöðlum og breyttu verklagi.

Ár hvert er mikil ásókn í rannsóknarsjóðinn, sem er vel, en fjöldi umsókna er breytilegur frá ári til árs.

Í ár bárust sjóðnum 124 umsóknir og sótt var um 365 milljónir króna. Þetta eru 10 umsóknum færra en í fyrra. Af þessum 124 umsóknum voru samtals 78 verkefni styrkt, samanborið við 69 verkefni árið 2022, þannig að þar gáfum við aðeins í.

Sjóðurinn hafði 150 milljónir til aflögu í ár en það er sú fjárveiting sem sjóðurinn hefur til umráða samkvæmt samgönguáætlun.

Í áætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að framlagið hækki um 20 milljónir og verði 170 milljónir sem er fagnaðarefni, því framlag í sjóðinn hefur ekki hækkað síðan árið 2019. Enginn vafi er á því að þessum fjármunum verður vel varið til áframhaldandi rannsóknastarfs.

Þau verkefni sem fengu úthlutað úr sjóðnum í ár voru fjölbreytt sem fyrr. Flest féllu undir flokkinn mannvirki eða 42%. Undir flokkinn umhverfi féllu 31%, umferð og umferðaröryggi 22% og verkefni tengd samfélagi voru 5%.

Ánægjulegt er að segja frá því að umhverfisflokkurinn er hástökkvarinn í ár en aldrei áður hafa borist fleiri umsóknir sem tengjast umhverfismálum. Hluttur flokksins fór úr 17% árið 2022 í 31% í ár. Segja má að það sé í takt við tíðarandann en umhverfismálin eru okkur öllum hugleikin um þessar mundir og í rauninni rauði þráðurinn í öllu í dag.

Umsóknir í sjóðinn berast víða að, en þó aðallega frá atvinnulífinu og háskólasamfélaginu. Stærstu hluti styrkjanna er veittur verkefnum sem koma frá verkfræðistofum, eða 32%. Í fyrra hafði hluttur háskólanna aldrei áður verið hærri en í ár var slegið nýtt met og 27% styrkjanna kom í hlut háskólasamfélagsins. Vegagerðin stendur einnig fyrir fjölda rannsóknaverkefna og í ár voru þau 26% en aðrar opinberar stofnanir og fyrirtæki eru með 4%. Þá eru í flokknum aðrir 11%.

Rannsóknir þessar eru gerðar til þess að nýtast samfélaginu til heilla. Þeim er ætlað að bæta verklag og auka skilning fólks á ýmsum málefnum, enda eru umsóknirnar metnar með það í huga að þær geti orðið Vegagerðinni og öðrum sem vinna að framgangi í þessum málaflokki samgöngumála að góðum notum.

En hvað eigum við í vændum í dag?

Við getum hlakkað til virkilega spennandi dags, enda eru erindin fjölmörg og fjölbreytileg að vanda og snúa að mannvirkjum, umferð, umhverfi og samfélagi.

Í ár eru náttúruöflin einnig í stóru hlutverki. Þar er settur tónninn strax í byrjun, en Doktor Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, fjallar um eldvirkni á Íslandi og hugsanleg áhrif á innviði.

Málefni þetta snertir starfsemi Vegagerðarinnar beint, en við höfum fylgst grannt með eldvirkni á Reykjanesskaganum undanfarin misseri og undirbúið aðgerðir til að geta varið innviði eins og kostur er, það er, ef til þess kemur.

Meðal annarra erinda sem tengjast náttúruöflunum má nefna erindi Darra Kristmundssonar um vindaðstæður við brýr - hermun til stuðnings hönnunarviðmiðum og svo ætlar Finnur Pálsson að ræða um Grímsvötn: Vatnsgeymir, jökulhlaup, upphaf og rennsli.

Umferðin og ekki síst umferðaröryggi er Vegagerðinni mikið hjartans mál. Nokkur erindi tengjast þeim málaflokki.

Áhrif á öryggi virkra ferðamáta vegna algrænna umferðarljósa verður til umfjöllunar hjá Davíð Guðbergssyni.

Berglind Hallgrímsdóttir heldur erindi um umferðaröryggisaðgerðir og áhrif á leiðarval.

Thijs Kreukels ætlar að segja okkur frá leiðbeiningum um hönnun gatna í þéttbýli og

Sæunn Gísladóttir fjallar um áhrif fjarvinnu á vegakerfið.

Auk þessa eru fjölmörg önnur áhugaverð erindi á dagskrá hér í dag sem væri of langt mál að telja upp. Hér frammi er veggspjaldasýning með 13 rannsóknaverkefnum sem ég hvet ykkur til að skoða þegar hlé er á dagskránni hér í salnum.

Þið kannist flest við fyrirkomulagið á fyrirlestrunum. Þetta eru stutt og hnitmiðuð erindi sem gefa góða innsýn inn í þann fjölbreytileika sem einkennir rannsóknir sem styrktar eru af sjóðnum.

Ég er sannfærð um að við förum öll fróðari heim af þessari ráðstefnu eftir daginn.

Gert er ráð fyrir að formlegri dagskrá ljúki um klukkan 16.15 en þá tekur við það skemmtilegasta í þessu öllu sem eru léttar veitingar.

Ég vil þakka Ólafi Sveini Haraldssyni forstöðumanni rannsóknadeildar Vegagerðarinnar kærlega fyrir en hann á veg og vanda að þessari ráðstefnu.

Næst tekur við fundarstjóri ráðstefnunnar sem stendur vaktina nú í annað sinn en það er Páll Valdimar Kolka.

Að þessu sögðu lýsi ég tuttugustu og aðra rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar setta og óska ykkur góðrar skemmtunar í dag.